

Lög um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1955, nr. 52.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Disastaði i Breiðdal, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 11. maí 1955, nr. 54.

Lög um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heiluspillandi íbúða, undirskrifað af forsetanum 20. maí 1955, nr. 55.

Auglýsing um meðferð forsetavalds i fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. maí 1955, nr. 56.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Borgarfjarðar- sýslu, um breyting á hreppamörkum Skorradals- og Hvalfjarðar- strandarhreppa.

41
22. marz

Samkvæmt beiðni frá Jóni og Þorsteini Böðvarssonum, bændum í Grafardal, og meðmælum hreppsnefnda Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt ákvæðum 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir um breyting á hreppamörkum Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps:

1. Jörðin Grafardalur tilheyrir framvegis Hvalfjarðarstrandarhreppi. Hreppamörk Skorradalshrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps breytist í samræmi við það.
2. Ofangreind breyting á hreppamörkum Skorradals- og Hvalfjarðarstrandarhreppa skal miðast við 1. apríl 1955.

Samkomulag hefur náðst milli sveitarstjórna nefndra hreppa um greiðslu bóta vegna flutnings jarðarinnar Grafardals úr Skorradalshreppi í Hvalfjarðarstrandarhrepp.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar.

REGLUGERÐ

42
10. marz

um fasteignaskatt í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Siglufjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 4. febr. 1952 af fasteignum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,8%.
- b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar 2,5%.
- c. Af óbyggðum lóðum 4%.
- d. Af verksmiðjum, sildarsöltunarstöðvum, frystihúsum og öllum öðrum fasteignum en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, 3,5%.